

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna

2. janúar 2019

Mættir: Aga, Aurelia, Guðmunda, Guðrún, Ingibjörg, Íris, Kristín Ása, Ragna, Sigurbjörg, Unnur Tedda og Eyrún ritar fundargerð

Grænfánafundur. Farið yfir grænfánamarkmiðin. Farið yfir hvað er búið að gera og hvað þarf að klára á þessari önn fyrir grænfánaumsókn.

- a. Lífrænn úrgangur látinn rotna – regnboginn ætlar að gera það aftur og gera skráningar með börnunum. Hvað verður um úrganginn? Hvað lærðum við af þessu?
- b. Setja snýtibréf í maíspoka og lífrænu tunnuna: Það er dallur fyrir snýtibréfin, en mikið er um að fólk hendi tyggjó í hann og það má ekki fara í lífrænt. Þarf að skoða betur.
- c. Draga úr plöstun upplýsinga – gengur vel. Keyptum fjönota plastvasa sem límast á veggina, ánægja með þá.
- d. Búa til kort af nærumhverfi og setja inn örnefni – regnboginn ætlar í það nú á vorönn.
- e. Matarsóun – var gert í haust og önnur vika nú í febrúar. Vantar töskuvigt til að mæla.